



Reykjavík, 16. september 2024

USK24090052

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 4. september 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Ábendingar hafa borist um að íbúar við Skúlagötu hafi orðið fyrir óþægindum vegna hávaða og mengunar, sem berst frá strætisvögnum við nýja endastöð þeirra við Skúlagötu. Meðal annars sé næturró raskað vegna lausagöngu vagnanna. Óskað er eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig komið verður til móts við kvartanir íbúanna.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 11. september 2024.

Svar:

Skýrt er að óheimilt er að hafa vagna í lausagangi við biðstöðina og vinnur Strætó að því að leiðrétta hegðun vagnstjóra sem ekki hafa gætt að því. Meðal þess sem gert hefur verið er að ræða við vagnstjóra um að slökkva á vélum vagnanna. Settur hefur verið upp búnaður í vagnanna svo hægt sé að sjá hvort slökkt hafi verið á vögnunum og hve lengi þeir eru í gangi. Eftirlitsmenn á vegum Strætó hafa farið á tímabundna endastöð við Skúlagötu til að fylgjast með því hvort slökkt sé á vögnunum. Áætlað er að setja upp skilti til að minna vagnstjóra á að hafa ekki kveikt á vögnunum að óþörfu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík